

## MYNL3BG05

Eldra heiti: MYN2436

Áfanginn er framhaldsáfangi í myndlist á 3ja þrepi.

Undanfari er MYNL2AT05

**Stutt lýsing áfangans og markmið:** Markmið áfangans er að nemendur vinni með hugmyndir sem verða að myndum með mismunandi grafíkaðferðum. Þegar þeir hafa tileinkað sér þessar vinnuaðferðir er æskilegt að nemendur geti unnið á sjálfstæðan skapandi hátt. Markmið áfangans er líka að auka menningarläsi og menningarupplifun. Nemendur upplifa og tjá sig í vinnubókina.

**Nokkur lykilhugtök áfangans:** Hugmyndavinna, einþrykk, dúkrista, þurnál, blönduð tækni. Verkstæðisvinna, tilraunir, útfærsla, frágangur nokkurra mynda. Heimavinna í vinnubók; sjálfstæðar ferðir á listasöfn, kynna sér listastefnur, listamenn og menningu og fullt af sjálfstæðri vinnu nemenda.

**Námsmat:** Vinna vetrarins; hugmyndir, tilraunir, frumkvæði, vinnusemi, þrykk, blönduð tækni og lokamyndir ásamt skissubók er metið til einkunnar. Heimavinna í vinnubók; sjálfstæðar ferðir á listasöfn, kynna sér listastefnur, listamenn og menningu og fullt af sjálfstæðri vinnu nemenda. Vægi skissubókar er 30-40% (og er borið undir nemendur í lokin).